

1968

engan veginn af því, að þeir eigi rétt til, að þátttaka af hendi annarra framboðslista skuli falla niður. Ber því að neita um hina umbeðnu lögbannsgerð.

Framkomnar málskostnaðarkröfur verða ekki teknar til greina, og fellur málskostnaður niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögbannsgerð fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 16. desember 1980.

Nr. 10/1978. **Meyvant Meyvantsson**
(Sigurður Helgason hrl.)
gegn
Steypustöðinni h/f
(Skúli Pálsson hrl.).

Umboð. Skuldamál. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörns-son, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1978. Hann krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 648.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 30. nóvember 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 31%

árvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980 og 35% árvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en vexti.

Í samræmi við kröfur þær, sem Steypustöðin h/f gerði í héraði, var áfrýjanda gert að greiða dráttarvexti, 2,5% á mánuði. Fyrir Hæstarétti hefur stefndi gert aðra vaxtakröfu. Verður hún tekin til greina, þó þannig, að árvextir verða ekki dæmdir hærri en 30%, þar sem hinum áfrýjaða dómi hefur eigi verið gagnáfrýjað. Ekki er ágreiningur milli aðilja um það, frá hvaða degi áfrýjandi skuli greiða vexti, ef til komi.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Meyvant Meyvantsson, greiði stefnda, Steypustöðinni h/f, 648.000 krónur með 13% árvöxtum frá 30. nóvember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% árvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1979, 19% árvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% árvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% árvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 30% árvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Áfrýjandi greiði stefnda 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 13. desember 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 30. nóv. sl., höfðaði Steypustöðin h/f, Sævarhöfða 4, Reykja-

vík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 6. apríl 1977, gegn Meyvant Meyvantssyni, Skipasundi 3, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 648.000 ásamt 2,5% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 30. nóv. 1976 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krafðist í greinargerð aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda yrði gert að greiða málskostnað að mati dómsins. Varakröfu gerði stefndi um verulega lækkun á stefnukröfunum og að málskostnaður yrði látinn falla niður.

Við munnlegan málflutning féll lögmaður stefnda frá varakröfu sinni og krafðist þess, að stefndi yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda yrði gert að greiða málskostnað að mati dómsins.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Mál þetta er höfðað til greiðslu tveggja reikninga, sá fyrri þeirra er dags. 15. nóv. 1976 yfir 8550 tonnur grús, á kr. 72 hver eining, eða samtals kr. 615.600, og sá seinni, dags. 30. nóv. 1976, yfir 450 tonnur grús, á kr. 72 hver eining, eða samtals kr. 32.400. Samtals gera reikningar þessir kr. 648.000. Fyrri reikningurinn er stílaður á íþróttahús Árbæjarskóla, Meyvant Meyvantsson, og sá seinni á íþróttavallarhús Árbæjar, Meyvant Meyvantsson.

Halldór Jónsson, forstjóri stefnanda, var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá forstjóra stefnanda, að fyrirsvarsmenn stefnanda hefðu samið við stefnda út af þeim viðskiptum, sem málið er af risið. Samið hafi verið um afslátt á verðinu gegn staðgreiðslu. Fyrirsvarsmenn stefnanda hafi vitað, að stefndi hafi tekið að sér sem undirverktaki að framkvæma ákveðið verk fyrir Pétur Gunnarsson. Vakin var athygli forstjóra stefnanda á því, að ein af nótunum, sem fylgir reikningnum á dskj. nr. 3, þ. e. nóta nr. 9933, væri ekki kvittuð um móttöku. Forstjóri stefnanda sagði, að það kæmi oft fyrir, þegar verið væri að afhenda grús, að þegar einn bíllinn kæmi, þá væri enginn á staðnum til þess að kvitta nótuna og þá væri það bara látið bíða með kvittunina.

Pétur Sverrir Gunnarsson byggingameistari var yfirheyrður vegna máls þessa. Hann kvaðst hafa verið aðalverktaki við byggingu íþróttavallarhúss Árbæjar. Stefndi hafi verið undirverktaki og hafi hann tekið að sér að grafa fyrir húsinu og fylla upp með

grús grunn og bílastæði framan við íþróttavallarhúsið. Samningur hafi verið munnlegur. Samið hafi verið um, að stefndi gengi inn í ákveðið tilboð, sem varðaði jarðvinnu á þessari byggingu, þ. e. uppgröft fyrir húsinu og fyllingu inn í grunn og fyllingu á bílastæði utan við húsið eða framan við húsið. Menn þeir, sem unnu verkið, hafi verið starfsmenn stefnda og hann hafi greitt þeim laun. Pétur afhenti réttinum uppgjör, dskj. nr. 7. Stefndi hafi gengið inn í tilboð á bls. 1 á dskj. nr. 7, að undanskildu 10% af heildartilboðstölunni. Stefndi hafi tekið að sér eftirtalda þætti, sem taldir séu á bls. 1 á dskj. nr. 7: 01, gröftur fyrir húsi, 02, gröftur fyrir lögnum í grunni í fyllingu, 04, gröftur undan fyllingu í plani, 01, fylling í grunn, 02, fylling í bílastæði, 03, fylling yfir lagnir í grunni að nýju. Stefndi hafi fengið greiddar fjárhæðir þær, sem greindar eru á bls. 2 og 3 á dskj. nr. 7, og meira til, þ. e. kr. 45.900 vegna liðs 02, undir lið 1-101. Uppgjör á dskj. nr. 7 sé fullnaðaruppgjör Péturs við stefnda nema 5%, sem stefndi eigi inni hjá Pétri og Pétur aftur inni hjá Reykjavíkurborg.

Pétur Sv. Gunnarsson andmælti því, að stefndi hefði tekið við vöru þeirri, sem málið er af risið, í umboði og á ábyrgð hans. Pétur sagði, að sér væri ókunnugt um samninga stefnda við Steypustöðina.

Fram kom hjá stefnda, að hann hefði fengið menn í það að grafa fyrir byggingu íþróttavallarhúss Árbæjar og fylla af grús. Stefndi hafi tekið út peninga hjá Pétri Sveinbjörnssyni, mun eiga að vera Pétri Sv. Gunnarssyni, öðru hverju og stefndi kvittað fyrir og svo hafi Pétur látið stefnda hafa uppgjör í sambandi við þetta og stefndi borgað þessa reikninga, sem hann kvittaði á fyrir þá, sem unnu við gröftinn. Stefndi kvaðst sjálfur ekki hafa unnið við gröftinn, en ráðið menn til að vinna við gröftinn og fengið peninga hjá Pétri og borgað. Stefndi kvaðst ekki bera ábyrgð á þessu verki og hafa aldrei gert neinn samning við Pétur. Stefndi hafi aldrei verið skráður verktaki að þessu verki. Stefndi sagði, að talað hefði verið um afslátt á verði grúsarinnar í sambandi við steypu. Í sambandi við staðgreiðslu hafi verið talað um, að þetta mundi gerast upp, þegar peningar kæmu frá Pétri. Þá er stefndi var fyrir dómi, var vakin athygli hans á reikningunum á dskj. nr. 3 og 4 og að nóturnar væru allar mót-tökukvittaðar af honum nema ein. Stefndi var spurður að því, hvort hann hefði verið á staðnum og tekið á móti þessu öllu. Játtaði stefndi því. Fram kom hjá stefnda, að hann hefði bæði samið um kaupin og tekið á móti vörunni. Stefndi viðurkenndi að hafa

undirritað reikninginn á dskj. nr. 7. Stefndi kvaðst hafa undirritað reikninginn sem fulltrúi Péturs og ítrekaði að hafa aldrei skrifað undir neina verksamninga við þetta verk. Aðspurður um það, hvort stefndi hafi ekki fengið greiddar fjárhæðirnar á dskj. nr. 7, neitaði stefndi því ekki, en kvaðst alltaf hafa átt eftir að tala við Pétur, en það hafi verið miklu meira, sem hann lagði út heldur en hann fékk.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi verið undirverktaki við smíði íþróttavallarhúss Árbæjarskóla, þegar hann tók út grúsina. Þess vegna hafi reikningarnir á dskj. nr. 3 og 4 fyrst verið stílaðir á það hús. Stefndi hafi keypt grúsina sjálfur persónulega, með því að hann hafi verið sjálfstæður undirverktaki, og því séu reikningarnir réttilega stílaðir á hann. Reikningarnir séu skrifaðir út skv. gildandi verðlista þess tíma, er úttekt fór fram, en samið hafi verið um lægra verð, ef um staðgreiðslu yrði að ræða, enda hafi henni verið lofað, en þar sem ekki var staðið við það, séu forsendur fyrir afslætti brostnar.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að ljóst væri, að dæma beri stefnda til greiðslu dómkröfunnar, enda væru fullyrðingar af hálfu stefnda um aðildarskort ósannaðar, sbr. framburð Péturs Sv. Gunnarssonar. Í þessu sambandi var bent á 1. mgr. 25. gr. laga nr. 7 frá 1936 og Hrd. 1969, bls. 490. Stefndi hafi játað að hafa ráðið menn til starfa og að hafa greitt laun.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa á því reist, að stefndi eigi ekki aðild að máli þessu. Hann hafi tekið við varningi þeim, sem stefnandi sendi til byggingar íþróttavallarhússins við Árbæ, í umboði og á ábyrgð Péturs Sv. Gunnarssonar húsasmíðs, Hraunbæ 142, Reykjavík. Þetta hafi forsvarsmönnum stefnanda verið fullkunnugt. Staðhæfingu lögmanns stefnanda á dskj. nr. 2 um, að stefndi hafi keypt grús sjálfur persónulega, með því að hann hafi verið sjálfstæður undirverktaki, er andmælt sem rangri og ósannaðri.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, þar sem hann væri ekki aðili málsins, sbr. framburð Péturs Sv. Gunnarssonar á bls. 13 í endurríti. Stefndi eigi að krefja verktakanum um greiðslu, þar sem grúsin hafi verið seld verktakanum. Stefnda varði ekkert um það, um hvaða verð hafi verið samið.

Álit dómsins.

Stefndi hefur viðurkennt að hafa samið við stefnanda um kaup á vöru þeirri, sem stefnandi krefur stefnda um greiðslu á. Stefndi hefur viðurkennt að hafa tekið við vörunni. Stefndi hefur viðurkennt að hafa undirritað reikninginn á dskj. nr. 7, en sú undirritun er greiðslukvittun á reikning frá stefnda til Péturs Sv. Gunnarssonar húsasmíðameistara vegna íþróttavallarhúss við Árbæjarvöll. Þegar litið er til dskj. nr. 7, ofangreindrar viðurkennningar stefnda, framburðar Péturs Sv. Gunnarssonar svo og framburðar forstjóra stefnanda, þá verður að telja, að stefnda beri að sanna, að hann eigi ekki að greiða hina umstefndu skuld. Það hefur hann ekki sannað, og þar sem stefndi hefur fallið frá varakröfu sinni um lækkun stefnufjárhæðar, verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 109.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Eyvindur Valdimarsson verkfræðingur og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Stefndi, Meyvant Meyvantsson, greiði stefnanda, Steypu-stöðinni h/f, kr. 648.000 með 2.5% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 30. nóv. 1976 til greiðsludags og kr. 109.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
